

Alþingi
Erindi nr. P 132/2187
komudagur 2. 6. 2006

Reykjavík, 1. júní, 2006

**Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpi til laga um almannatryggingar, 792 mál, samningar við sérgreinalækna, tengjast aðgerðum sem gripið var til 1. apríl 2006, í framhaldi af því að sérfræðingar í hjartalækningum sögðu sig frá samningi Læknafélags Reykjavíkur og samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Reglugerð um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum var sett 31. mars 2006 og tók gildi 1. apríl 2006. Þar sem þessi reglugerð hefur verulega þýðingu fyrir hjartasjúklinga var neðangreind ályktun send Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra:

***Stjórnir SÍBS og Hjartaheilla mótmæla harðlega ákvæðum reglugerðar frá 31. mars, 2006 um tilvísunarskyldu til greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum.
Jafnframt er eindregið hvatt til að gengið verði til samninga við sjálfstætt starfandi hjartalækna nú þegar.***

Ofangreind reglugerð hefur það í för með sér að ef sjúklingur vill fá heimsókn til hjartasérfræðings greidda þarf hann fyrst að heimsækja heimilislækni. Hann metur þörf viðkomandi sjúklings fyrir aðstoð hjartasérfræðings og gefur út tilvísun ef hann telur að þörf sé á heimsókn til sérfræðingsins. Ef sjúklingurinn fer hinsvegar beint til sérfræðings þarf hann að greiða heimsóknina að fullu sjálfur.

Við teljum að öryggi hjartasjúklinga geti verið stefnt í hættu með tilkomu reglugerðarinnar. Þá skapast af þessari breytingu óhagræði þar sem heimilislæknirinn verður milliliður yfir í heimsókn til hjartasérfræðings. Í þessu sambandi má benda á að margra daga bið getur verið á viðtalstíma hjá heimilislækni og nokkuð skortir á að allir hafi heimilislækna. Þá teljum við hættu á að framkvæmd reglugerðarinnar leiði af sér kostnaðarauka bæði fyrir sjúklinga og ríkisvaldið.

Stór hluti samskipta hjartalækna og sjúklinga þeirra felst í reglubundnu og nauðsynlegu eftirliti án milligöngu annara lækna. Reglugerðin er hamlandi fyrir þessi samskipti.

Ofangreindri afstöðu samtakanna var komið á framfæri á fundi með heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis þriðjudaginn 31. maí 2006 þar sem til umræðu var frumvarp til laga um almannatryggingar, 792. mál. Á þeim fundi kom fram að gildistaka reglugerðar nr. 241 væri tímabundin. Því hvetja Hjartaheill og SÍBS eindregið til þess að samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fulltrúar sérfræðinga í hjartalækningum gangi til viðræðna sem leiði til samninga til hagsbóta fyrir hjartasjúklinga.

f.h. Hjartaheilla og SÍBS

Haraldur Finnsson, formaður Hjartaheilla, hjartasamtakanna á höfuðborgarsvæðinu
Helgi Hróðmarsson, framvæmdastjóri SÍBS